ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Tilv. *2604042/4.12*

Tilnefning Reykholtsmáldaga á Landskrá um minni heimsins

1. Heiti tilnefningar
Reykholtsmáldagi.

2. Stutt lýsing
Reykholtsmáldagi er skrá yfir eignir, ítök og réttindi Reykholtskirkju í Borgarfirði. Reykholtsmáldagi er skinnskjal og er elsta skjal sem ritað er á íslensku sem varðveitt er í frumriti. Reykholtsmáldagi er jafnframt elsta skjal sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni Íslands og hefur verið varðveittur í safninu frá stofnun þess árið 1882. Elsti hluti máldagans er ritaður á síðari hluta 12. aldar og má færa rök fyrir því að hann sé upphaflega ritaður nær miðri öldinni en aldamótunum 1200. Tiltölulega fá skjöl eru varðveitt í frumriti frá 12. öld og fyrri hluta 13. aldar á Íslandi. Stærstur hluti þeirra texta sem rekja má til tímabilsins eru aðeins varðveittir í yngri afskriftum. Sú staðreynd ein og sér gerir Reykholtsmáldaga einstakan í sinni röð. Máldaginn varpar skýru ljósi á þróun staðarins í Reykholti og hvernig vegur hans jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á Sturlungaöld. Að auki veitir máldaginn innsýn í hvernig kirkjumáldagar þróuðust á mikilvægum mótunarárum íslensku kirkjunnar sem stofnunar og dregur vel fram muninn á kirkjumáldögum annars vegar og biskupsmáldögum hins vegar, sem alla jafna eru formfastari og sparir á viðbótarupplýsingar á borð við hvaða einstaklingar lögðu fé til kirkna. Samhliða er Reykholtsmáldagi einnig mikilvæg heimild um þróun skriftar og stafsetningar á ritunartíma sínum. Skjalið hefur enn lagalega og sögulega þýðingu og var lagt fram sem sönnunargagn í máli fyrir Hæstarétti Íslands árið 2021, í máli nr. 41/2020 í deilu um hvort landsvæði í Borgarfirði teldist þjóðlenda eða væri í einkaeigu.

3. Upplýsingar um þann sem tilnefnir

3.1 Nafn (einstaklingur eða stofnun)
Þjóðskjalasafn Íslands.

3.2 Tengsl við þann menningararf sem tilnefndur er
Reykholtsmáldagi er varðveittur í Þjóðskjalasafni Íslands.

3.3 Tengiliður, heimilisfang, sími og netfang

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður
Laugavegur 162, 105 Reykjavík
S. 820-3324
hrefna.robertsdottir@skjalasafn.is

4. Einkenni og lýsing á hinum tilnefnda menningararfi

4.1 Einkenni

Máldagi er skrá yfir eignir, ítök og réttindi kirkju. Samkvæmt Kristinna laga þætti Grágásar, sem lögtekinn var einhvern tímann á árunum 1122-1133, var sú skylda lögð á herðar kirkjuhaldara að láta gera skrá yfir eignir kirkjunnar og lesa upp árlega við fjölmennustu messu ársins. Um hagsmunamál var að ræða fyrir kirkjuhaldara og biskupa, að nákvæm skrá væri haldin yfir gjafir og aðrar eignir sem kirkjunni áskotnaðist. Þannig var tryggt að ekkert gengi undan. Þegar biskupar vísiteruðu kirkjur landsins létu þeir gera eða uppfæra eigið eintak af máldaga viðkomandi kirkju. Í mörgum tilvikum eru það máldagaeintök biskupa sem hafa varðveist frá miðöldum og síðmiðöldum en eintak kirkjunnar er glatað. Reykholtsmáldagi er á hinn bóginn einstakur í sinni röð þar sem um kirkjueintak er að ræða. Hann er elsta skjal sem ritað er á íslensku sem varðveitt er í frumriti.

4.2 Lýsing

Reykholtsmáldagi er skinnskjal, líklega gert úr kálfskinni. Stærð þess er 29-30 cm að lengd og 21 cm að breidd.

Reykholtsmáldagi er aðeins eitt blað, þéttskrifað öðru megin en nánast autt hinum megin. Upphaflega hefur blaðið verið hluti af stærra handriti, hugsanlega messusöngbók, hómilíubók eða grallara, og máldaginn færður á autt blað sem hefur verið fremst eða aftast í handritinu. Ekki er vitað um afdrif handritsins en ekki er ólíklegt að það hafi farið forgörðum í umrótinu í kjölfar siðaskiptanna um miðja 16. öld. Á máldaganum má greina sjö rithendur og í ríflega öld hefur upplýsingum um eignir Reykholtskirkju verið bætt við hann.

Elsti hluti máldagans er ritaður á síðari hluta 12. aldar og má færa rök fyrir því að hann sé upphaflega ritaður nær miðri öldinni en aldamótunum 1200. Um er að ræða fyrstu 14 línur máldagans sem hefst með orðunum: „Til kirkju liggur í Reykjaholti heimaland með öllum landsnytjum“ og endar með klausunni: „Þar fylgir og skógur í Þverárhlíð að viða til sels. Torfskurður í Steinþórsstaðaland. Sáldssæði niður fært.“

Þetta er auðlesanlegasti hluti máldagans og sá sem Brynjólfur biskup taldi vera eignarheimild á við innsiglað bréf. Fyrsta viðbótin við frumtextann er rituð á árunum 1204–1208 þegar Snorri Sturluson fékk heimildir á staðnum og tók við forráðum í Reykholti. Viðbótin er álíka löng og frumtextinn, nær frá línu 14–29 og þar koma fram ítarlegar upplýsingar um kirkjuskrúða, svo sem að Magnús og Hallfríður, fráfarandi staðarhaldari og eiginkona hans, hafi gefið kirkjunni róðukross og „líkneski þau er standa yfir altara ...“ og að Magnús og Snorri hafi gefið kirkjunni skrín með helgum dómum. Næsta viðbót er færð til bókar á árunum 1224–1241 í línur 29–32 og fjallar að mestu um kirkjuklukkur sem staðnum hafði áskotnast, m.a. tvær klukkur sem Snorri Sturluson og Hallveig Ormsdóttir, seinni eiginkona hans, gáfu. Niðurlag textans á framhlið blaðsins, þ.e. línur 32–36, er svo frá því um 1300 þar sem gerð er grein fyrir rekaítökum og jarðeign norður á Ströndum. Á milli 14. og 15. línu er innskotssetning sem líklega er frá því um 1242–1247 og á baksíðunni er upptalning á þeim dýrlingum sem kirkjan er helguð ásamt minnisgrein um kálfskinn sem kirkjunni hefur áskotnast. Textinn um dýrlingana er talinn vera frá síðari hluta 13. aldar og minnisgreinarnar um kálfskinnin frá um 1224–1241.

Varðveislusaga Reykholtsmáldaga er einstök. Skjalið hefur alltaf verið varðveitt á Íslandi, fyrir utan að hafa tvisvar verið lánað til Kaupmannahafnar. Það var ekki flutt úr landi eins og urðu örlög margra annarra skjala og handrita á 17., 18. og 19. öld. Líklega hefur skjalið verið varðveitt í Reykholtskirkju frá upphafi. Þess er fyrst getið árið 1562 í tylftardómi á Öxarárþingi þegar hann var lagður fram í ágreiningsmáli milli umboðsmanna Reykholtskirkju og Kirkjubólskirkju í Langadal um eignarhald á tveimur jörðum á Ströndum. Síðan er Reykholtsmáldaga getið reglulega í heimildum, í vistasíum biskupa og öðrum heimildum. Árni Magnússon fékk skjalið lánað til Skálholts árið 1703 til afskriftar. Á árunum 1770-1771 virðist Reykholtsmáldagi hafa ratað til Kaupmannahafnar og var þá í höndum Hannesar biskups Finnssonar sem sá þá um útgáfu á kirkjusögu föður síns, Finns Jónssonar. Líklegt er að skjalið hafi farið með Hannesi

aftur til Íslands árið 1777 og það verið sent aftur í Reykholt. Reykholtsmáldagi barst svo Landsskjalasafni (Þjóðskjalasafni) við stofnun þess árið 1882 með öðrum skjölum Reykholtskirkju. Reykholtsmáldagi var lánaður árið 1901 til Kaupmannahafnar til afritunar og kom aftur í Þjóðskjalasafn árið 1905.

Nefna mætti nokkrar heimildir sem lýsa þessum skráða menningararfi:

- Jón Þorkelsson, „Reykholt“. *Skýrsla frá Þjóðskjalasafninu í Reykjavík.* (Reykjavík: Þjóðskjalasafn, 1917), bls. 88–124.
- Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script. As Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfh and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit. Ser. In folio. Vol. 2 (Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar, 1965).
- *Reykjaholtsmáldagi.* Guðvarður Már bjó til prentunar, Bergur Þorgeirsson ritaði forspjall og Margaret Cormack þýddi máldagann (Reykholt: Snorrastofa, 2000).
- *Reykjaholts-máldagi. Det originale pergaments-dokument over Reykjaholt kirkegods og -inventarium i 12. og 13. årh., litografisk gengivet, samt udförlig fortolket og oplyst.* Kristian Kålund, Björn M. Ólsen og J. Hoffory bjuggu til prentunar (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1885).

Eftirtaldir aðilar gætu veitt umsögn um mikilvægi og uppruna Reykholtsmáldaga:

- Benedikt Eyþórsson, fagstjóri upplýsingaþjónustu Þjóðskjalasafns Íslands.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson, rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu í Reykholti.

Þjóðskjalasafn Íslands | Laugavegi 162 | 105 Reykjavík | Sími 590 3300 | upplysingar@skjalasafn.is | www.skjalasafn.is



Þjóðskjalasafn Íslands | Laugavegi 162 | 105 Reykjavík | Sími 590 3300 | upplysingar@skjalasafn.is | www.skjalasafn.is

5. Rökstuðningur fyrir skráningu:

5.1 Er áreiðanleiki staðfestur?

Enginn vafi leikur á að Reykholtsmáldagi er frumrit. Tiltölulega fá skjöl eru varðveitt í frumriti frá 12. öld og fyrri hluta 13. aldar á Íslandi. Stærstur hluti þeirra texta sem rekja má til tímabilsins eru aðeins varðveittir í yngri afskriftum.

5.2 Er mikilvægi fyrir Ísland staðfest, fágæti og óbætanleiki?

Reykholtsmáldagi er einstæð frumheimild og er elsta frumskjal sem til er á íslensku, og með elstu skjölum sem til eru á norrænu máli. Sú staðreynd ein og sér gerir Reykholtsmáldaga einstakan í sinni röð. Máldaginn varpar skýru ljósi á þróun staðarins í Reykholti og hvernig vegur hans jókst jafnt og þétt eftir því sem leið á Sturlungaöld. Að auki veitir máldaginn innsýn í hvernig kirkjumáldagar þróuðust á mikilvægum mótunarárum íslensku kirkjunnar sem stofnunar og dregur vel fram muninn á kirkjumáldögum annars vegar og biskupsmáldögum hins vegar, sem alla jafna eru formfastari og sparir á viðbótarupplýsingar á borð við hvaða einstaklingar lögðu fé til kirkna. Samhliða er Reykholtsmáldagi einnig mikilvæg heimild um þróun skriftar og stafsetningar á ritunartíma sínum. Skjalið hefur enn lagalega og sögulega þýðingu og var lagt fram sem sönnunargagn í máli fyrir Hæstarétti Íslands árið 2021, í máli nr. 41/2020 í deilu um hvort landsvæði í Borgarfirði teldist þjóðlenda eða væri í einkaeigu.

5.3 Er einu eða fleiri af eftirfarandi viðmiðum mætt?

5.3.1 Tími

Um er að ræða um 850 ára gamla frumheimild sem hefur sérstaka stöðu meðal íslenskra sögulegra heimilda. Reykholtsmáldagi er elsta varðveitta skjalið sem ritað er á íslensku í upprunalegri mynd og telst jafnframt meðal elstu skjala sem varðveist hafa á norrænu máli. Skjalið var samið á síðari hluta 12. aldar og við það bætt á 13. öld, og er það því mikilvægur vitnisburður um þróun samfélagsins og kirkjunnar á mótunartíma íslenskrar miðaldasögu. Máldaginn varpar skýru ljósi á stöðu og vaxandi vægi staðarins í Reykholti á Sturlungaöld og sýnir hvernig eignir og réttindi kirkjunnar voru skráð og skilgreind á þessum tíma. Jafnframt veitir skjalið mikilvæga innsýn í þróun kirkjumáldaga á fyrstu stigum íslensku kirkjunnar sem stofnunar. Þar kemur skýrt fram hvernig kirkjumáldagar gátu verið frjálslegri í framsetningu en biskupsmáldagar, sem voru yfirleitt formfastari og

sparari á viðbótarupplýsingar, svo sem um þá einstaklinga sem lögðu fé til kirkjunnar. Reykholtsmáldagi er einnig mikilvæg heimild um þróun skriftar og stafsetningar á ritunartíma sínum. Þýðing skjalsins er ekki aðeins söguleg heldur einnig lagaleg, enda var það lagt fram sem sönnunargagn í máli fyrir Hæstarétti Íslands árið 2021 (mál nr. 41/2020), þar sem deilt var um hvort tiltekið landsvæði í Borgarfirði teldist þjóðlenda eða væri í einkaeigu.

5.3.2 Staður

Reykholtsmáldagi er einstök frumheimild frá íslenskum miðöldum og elsta varðveitta skjal sem ritað er á íslensku í frumriti. Elsti hluti hans er frá síðari hluta 12. aldar og á næstu rúmlega hundrað árum var bætt við hann upplýsingum um eignir, réttindi og gjafir til Reykholtskirkju. Skjalið varpar mikilvægu ljósi á þróun kirkjunnar og samfélagsins á mótunartíma íslenskrar miðaldasögu og tengist jafnframt einum þekktasta sögustað landsins, Reykholti, sem síðar varð heimili Snorra Sturlusonar. Reykholtsmáldagi er jafnframt einstakur þar sem hann er kirkjueintak máldaga, en slík eintök hafa sjaldan varðveist frá miðöldum. Hann er einnig mikilvæg heimild um þróun skriftar og stafsetningar á norrænu máli. Skjalið hefur varðveist í Þjóðskjalasafni Íslands frá stofnun safnsins árið 1882 og er talið einn af helstu kjörgripum þess. Með sérstöðu sinni, varðveislu í frumriti og víðtæku fræðilegu gildi er Reykholtsmáldagi lykilheimild um íslenska og norræna menningararfleifð miðalda.

5.3.3 Fólk

Reykholtsmáldagi inniheldur upplýsingar um einstaklinga sem tengdust Reykholtskirkju, bæði þá sem höfðu forráð yfir staðnum og þá sem gáfu kirkjunni eignir eða gripi. Slíkar upplýsingar eru verðmætar heimildir fyrir sagnfræði og félagslega sögu miðalda og sýna tengslanet áhrifafólks. Í máldaganum koma meðal annars fram séra Magnús Pálsson, staðarhaldari í Reykholti frá um 1185, og eiginkona hans Hallfríður, auk Snorra Sturlusonar sem tók við forráðum staðarins um 1206 og Hallveigar Ormsdóttur, eiginkonu hans. Þar er einnig getið um gjafir þeirra til kirkjunnar, svo sem skrín með helgum dómum, kirkjuskrúða, róðukross, líkneski yfir altari og kirkjuklukkur.

5.4 Eru einhver af eftirfarandi viðmiðum tengd þessari tilnefningu?

5.4.1 Fágæti
Reykholtsmáldagi er elsta varðveitta skjalið í frumriti sem ritað er á íslensku og telst jafnframt meðal elstu frumtexta sem varðveist hafa á norrænu máli.

5.4.2 Heillegt ástand
Reykholtsmáldagi er í góðu ástandi. Skinnblaðið sem hann er skrifaður á hefur gulnað með tímanum og á stöku stað eru göt á því. Skriftarblek hefur máðst á yngsta hlutanum en er þó læsileg.

5.4.3 Ógn
Reykholtsmáldagi er ekki í hættu og ekki þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja öryggi þess.

5.4.4 Áætlun um varðveislu og aðgengi
Reykholtsmáldagi er varðveittur í öryggisgeymslu Þjóðskjalasafns sem er hita- og rakastýrð. Skjalið hefur verið afritað og er aðgengilegt á vef Þjóðskjalasafns Íslands til notkunar. Þá hefur skjalið verið uppskrifað og var texti þess fyrst gefinn út á prenti árið 1772, og hefur verið gefinn út margsinnis síðan.

6. Lagalegar upplýsingar:

6.1 Vörsluaðili hins tilnefnda menningararfs (nafn):
Þjóðskjalasafn Íslands.

6.2 Heimilisfang vörsluaðila:
Laugavegur 162, 105 Reykjavík

6.3 Umsjónaraðili hins tilnefnda menningararfs
Á ekki við

6.5 Lagaleg staða

6.5.1 Eignarhald
Þjóðskjalasafn Íslands fyrir hönd íslenska ríkisins.

6.5.2 Aðgengi
Öllum aðgengilegt á lestrarsal Þjóðskjalasafns með þeim takmörkunum sem lög kveða á um og varðveisluaðstæður leyfa. Mynd og uppskrift af skjalinu er einnig aðgengilegt á vef Þjóðskjalasafns og í útgefnum ritum.

6.5.3 Höfundarréttarstaða og ábyrgðaraðili
Engin höfundarréttur hvílir á gögnum þessum.

6.5.4 Ábyrgðaraðili
Ábyrgðaraðili er þjóðskjalavörður fyrir hönd Þjóðskjalasafns Íslands.

7. Notkun skráningar

7.1 Lýsið hvernig skráning á Landsskrá Íslands yrði notuð til að auglýsa varðveislu og aðgengi að menningararfinum.
Skráning Reykholtsmáldaga á landsskrá Íslands um minni heimsins myndi vekja athygli á skjalinu, sögu þess og gildi þess fyrir íslenskt samfélag. Þá myndi skráning vekja athygli á hlutverki Þjóðskjalasafns Íslands og að þar eru varðveitt skjöl um sögu Íslands síðustu 850 ár. Með skráningu myndi Þjóðskjalasafn miðla þessari heimild og rannsóknum á henni sérstaklega með útgáfu á prenti sem og að miðla efni hennar með stafrænum hætti.

Þessi tilnefning er lögð fram af
Hrefnu Róbertsdóttur, þjóðskjalaverði



Reykjavík 9. apríl 2026

Þjóðskjalasafn Íslands | Laugavegi 162 | 105 Reykjavík | Sími 590 3300 | upplysingar@skjalasafn.is | www.skjalasafn.is